

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 39/2020

frá 20. mars 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 29.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/1628 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og X. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1h (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/656) í XXIV. kafla:

„1i. **32016 R 1628:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 29.“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013) í II. kafla:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

„– **32016 R 1628**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 29.“

3. Texti liðar 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB) í XXIV. kafla fellur brott:

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012) í X. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1628**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1628 frá 14. september 2016 (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2019, bls. 29.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1628, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 231, 6.9. 2016, bls. 29, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.